

31. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn þann 09.09.2008 kl. 20:30.

Mættir voru: Bryndís Elfa Valdemarsdóttir, Ingibjörg Baldursdóttir, Ingvar Þóroddsson, Sædís Gunnarsdóttir.

Sædís fór yfir samstarfsfundi formanna hverfisnefnda í sumar. Fram kom að formenn munu skipa 3 af sínum fulltrúum í nefnd sem hefur það hlutverk að funda með stjórnslunefnd annað slagið. Formenn hafa í hyggju að ræða saman þessa fundi og leggja línurnar fyrir sína fulltrúa. Okkar formaður er ekki einn þessara fulltrúa.

Undirbúningur fyrir aðalfund. Ákveðið var að stefna að aðalfundi fimmtudagskvöldið 2. okt. Kl 20:00 í Lundarskóla. Nefndarmenn skiptu með sér verkum varðandi undirbúninginn.

Rætt var um beiðni sem hverfisnefndum barst frá formanni framkvæmdaráðs þar sem nefndirnar eru beðnar að telja upp hvaða verklegar framkvæmdir þær telji brýnastar í sínu hverfi. Þetta verður síðan haft til hliðsjónar við fjárhagsáætlun næsta árs. Nefndarmenn ákváðu að gera þetta m.a með hliðsjón af hugmyndum íbúa sem komu fram á íbúafundi í hverfinu 2006 og senda niðurstöður inn fyrir 15. september.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitð kl. 21:30.

Ingibjörg Baldursdóttir, ritari.